



**Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. janúar 2005**

Góðir Íslendingar

Við hjónin óskum ykkur öllum gleðilegs árs og vonum að friðsæld og fögnuður ríki í hugum sem flestra, fögnuður yfir tækifærum og vonum sem tengd eru nýju ári, gleði vegna ávinninga fyrri tíðar. Þó hafa margir mátt þola þungar þrautir, glímt við veikindi og áföll, sótt á brattann og örvænt, þráð farsæld og frið.

Við vottum öllum sem eiga um sárt að binda vegna hamfaranna ógurlegu, flóðbylgjunnar sem skall á fjarlægum ströndum, okkar dýpstu samúð og heitum á þjóðir heims að taka höndum saman í hjálparstarfi.

Áramótin eru oft tími sorgar og söknuðar. Við hugsum til látinna ástvina og eigum erfitt með að skilja hve mótdræg örlögin eru mörgum, en lofum líka hugrekkið og atorkuna sem gæða lífið nýjum þrótti, finnum í börnum að leik von og trú á framtíðina.

Við Íslendingar höfum átt því láni að fagna að búa í samfélagi sem ber svipmót umhyggju og tillitssemi. Áhyggjulaus höfum við haft hús okkar opin, unga fólkið gengið hiklaust og greitt um allar dyr. Nú fáum við fréttir af vaxandi hörku og miskunnarleysi, átökum í skuggaveröld, undirheimum þar sem sóknin í fíkniefni ræður för og mannfyrirlitning, grimmd og ofbeldi setja mark á daglegt líf.

Á jólaföstu bárust okkur bækur sem flytja örlagasögur æskufólks sem lent hefur í klóm eiturlyfja, hrökklast um stræti eymdar og ótta. Ættingjar og vinir leggja á sig miklar fórnir til að hinir lánlausu sjái til sólar.

Vitnisburður um napran og ógnvekjandi veruleika birtist okkur í þessum bókum og einnig iðulega í blöðum og fjölmiðlum, í fréttum af starfi lögreglunnar og dómstólanna, í lýsingum á auknu ofbeldi og fólskuverkum.

Hér er mikið verk að vinna; að efna í sameiningu til átaks sem hrindir þessum vágesti af höndum okkar, lýsir upp skuggaheim og hreinsar þar til svo um munar.

Við eigum öll hagsmuna að gæta því reynslan sýnir að enginn veit hver er næstur, að börn og unglingar frá ólíkum heimilum eru í hópi fórnarlamba, að eftir andartak getur víglínan legið um okkar eigin garð.

Við hjónin höfum ákveðið að leggja okkar af mörkum, að bjóða fram liðsinni í baráttunni við þennan vágést, að taka höndum saman við alla sem nú vilja leggjast á árar, efna til samræðna við unga fólkið sem orðið hefur fyrir grimmi reynslu, ættingja þeirra, vini og aðstandendur, laða fram lærdóma allra sem ábyrgð bera.

Við erum líka reiðubúin að leita í smiðju til fólks í öðrum löndum og fá til samráðs ýmsa sem árangri hafa náð á sínum heimaslóðum, leggja þannig í sjóð ábendingar og góð ráð frá þeim sem fyrr hafa staðið í sömu sporum og Íslendingar eru nú.

Við þurfum að gæta þess vel að bægja illum öflum frá okkar ranni, koma í veg fyrir að erlendir glæpahringir skjóti hér rótum.

Það gefast því miður engar einfaldar lausnir, engar greiðar götur að fullnaðarsigri, en við eigum öll erindi í hið nýja varnarlið sem nú þarf að mynda, varnarlið um friðsæld og öryggi hins íslenska veruleika.

Í húfi er velferð barna okkar, framtíð þeirra, heill og heilsa; og hvatningin í því fólgin að geta fært þeim sömu gæfu og við nutum ung.

Uppeldi og menntun hafa löngum verið sterkur þráður í menningu og þjóðarvitund Íslendinga, allt frá því að fornar sögur hófu til vegs orðspor fósturu og fóstura, þeirra sem þá önnuðust kennslu, voru að starfi uppalendur.

„Öllum kom hann til nokkurs þroska“, sagði Snorri Sturluson um Erling Skjálgaðsson og hefur það jafnan síðan verið hrós að sinna þannig samferðafólki.

Fræðslan var lengi í verkahring fjölskyldunnar en svo tók þjóðfélagið stakkaskiptum og nútíminn breytti skipan á marga lund. Skólar risu um landið allt, voru kjarninn í byggðastefnu og stofnun Háskóla Íslands var í árdaga heimastjórnar þjóðinni keppikefli.

Snemma á síðustu öld gerðu Íslendingar sér skýra grein fyrir því að almenn skólaganga, fjölhæf kennarasveit og víðtæk menntun voru forsenda árangurs, að framfarirnar eiga sér rætur í litríkum og öflugum fræðslumálum. Kennaraskóli Íslands varð ásamt Háskólanum lykilstofnun í öflugri sókn.

Rannsóknir sérfræðinga um allan heim hafa nú sýnt að menntun æskufólksins er besta fjárfestingin, að þær þjóðir skara fram úr sem veita fræðslu og uppeldi forgang, líta á skólana sem helsta drifkraft hagsældar í framtíðinni. Jafnvel þjóðir sem skortir nánast allt sem oftast er til auðlinda talið hafa náð í fremstu röð með því að setja skóla og menntakerfi í fyrsta sæti.

Reynslan sýnir að auðlindir í hafi eða jörðu, fossar og fallvötn, námur og oliulindir eru lítils virði ef ekki er á vettvangi vel menntuð sveit sem skapar arð úr slíkum tækifærum.

Við höfum líka að undanfögnu séð það glögg Íslendingar að öflug útrás athafnafólks úr okkar röðum, efling viðskipta á heimsvísu og vöxtur íslenskra fyrirtækja sem nú eru í fremstu röð á Norðurlöndum, í Evrópu og þótt víðar væri leitað, er einkum að þakka hinni menntuðu og hæfileikaríku sveit sem ávaxtað hefur skólagöngu sína á svo glæstan hátt.

Já, skólarnir eru svo sannarlega orkuver framtíðarinnar, uppspretta hagsældar um ókomin ár. Og lengi býr að fyrstu gerð. Í grunnskólum ráðast farsæld og framfarir þjóðarinnar. Án öflugrar fræðslu innan þeirra kann okkur að reynast erfitt að halda til jafns við aðrar þjóðir.

Efling grunnskólans er því ekki bara menntamál í hefðbundnum skilningi Stjórnarráðsins; hún er einnig atvinnumál, viðskiptamál, iðnaðarmál, orkumál; í reynd undirstaða árangurs og framfara á öllum sviðum.

Framtíð grunnskólans er ekki aðeins verkefni ríkis og sveitarstjórna. Hér er einnig mikið í húfi fyrir atvinnulífið, fyrirtækin, alla sem í rekstri standa. Oft er talað um samstarf heimilis og skóla og vissulega sinna þau í sameiningu uppeldinu, en þó má ekki gleyma því að atvinnulífið á einnig ríkra hagsmuna að gæta og því eðlilegt að það leggi sitt af mörkum til að efla og styrkja skólastarfið.

Börnin eru sannarlega dýrasta djásnið, uppspretta gleði og hamingju foreldranna, auður sem aldrei verður metinn til fjár. En börnin eru líka lykill að framtíðarheill samfélagsins, að hagsæld og velferð á nýrri öld.

Það skiptir sköpum að við spillum ekki slíkri auðlind heldur ræktum hana og eflum á alla lund. Aðeins á þann hátt getum við tryggt efnahagslega framtíð Íslendinga, sýnt að við höfum skilið til hlítar sannindin um að menntunin sé arðsamasta fjárfestingin sem völ er á, arðsamari en virkjanir, vegir og iðjuver svo dæmi séu nefnd um aðra eftirsóttu kosti.

Það dugir þó skammt að mæla fagurt um gildi menntunar í hátíðaræðum; við verðum að sýna í verki að þjóðin hafi einbeittan vilja í

Þessum efnum. Það má aldrei aftur henda að fyrstu kynni barna af skólastarfi séu iðjuleysi mánuðum saman vegna deilna þeirra sem ábyrgð bera.

Við verðum að skapa víðtæka sátt um skólastarfið, ná, eins og Morgunblaðið vakti máls á fyrir skömmu, þjóðarsamstöðu um úrvalsskóla, skóla sem eru úrval vegna gæða, aðgangssins sem er öllum opinn, jafnréttisins sem þar ræður ríkjum, úrvalsskóla sem mismuna í engu vegna efnahags foreldranna.

Skólinn þarf að vera heildstæður vettvangur fyrir nám og fræðslu, tómstundir, íþróttir og listaiðju, þroska og þjálfun sem býr í haginn fyrir börnin á mörgum sviðum – í reynd lifandi uppeldisstöð þar sem foreldrar og ættingjar rétta hjálparhönd. Við getum í þeim efnum margt lært af öðrum þjóðum sem tengja betur saman heimili og skóla en við höfum náð að gera.

Þjóðareining um skólastarfið er eitt brýnasta verkefni hins nýja árs og þar þurfa allir að koma að borði, ekki aðeins ríki og sveitarfélög, heldur einnig heimilin og atvinnulífið.

Við megum ekki halda áfram að vísa ábyrgðinni á aðra, foreldrarnir á kennarana, skólarnir á heimilislífið, sveitarfélögin á ríkið og ríkið á hina.

Við erum öll samábyrg og efling skólastarfsins er lífsnauðsyn fyrir okkur öll. Við þurfum að styrkja það til að geta um leið bætt heimilisbraginn, aukið ánægju fjölskyldunnar, gert unglingana sjálfstæðari og hlynntari heilbrigðu og hollu lífi, forðað þeim frá hættum sem búa í undirheimum, skuggaveröld sem ég nefndi fyrr.

Forsendan verður þó ætíð sú að kennurum sé sómi sýndur, að kennsla sé metin að verðleikum og kennarastarfið sé keppikefli, að ánægja og stolt ríki innan stéttarinnar.

Án öflugra kennara getum við aldrei gert grunnskólann að úrvalsskóla.

Við sem eldri erum munum kennara sem gerðu okkur námið gjöfult og lögðu þannig grundvöll að lífsins göngu. Við þurfum að tryggja æskunni sams konar tækifæri og í þeim efnum kemur margt til greina.

Forseti Íslands verðlaunar á hverju ári þá sem fram úr skara í atvinnulífi og bókmenntum. Útflutningsverðlaun forseta Íslands eru fyrirtækjum keppikefli og álitsauki og Íslensku bókmenntaverðlaunin viðburður í menningarlífi, árlega afhent hér á Bessastöðum.

Menntunin er ekki síður en útflutningur og menning hornsteinn í framtíðarvelferð okkar Íslendinga og mér finnst tími til kominn að hún hljóti þann heiður sem henni ber.

Ég hef því ákveðið að stofna til Íslensku menntaverðlaunanna sem verða ásamt Íslensku bókmenntaverðlaununum og Útflutningsverðlaununum helstu verðlaun úr hendi forseta Íslands.

Íslensku menntaverðlaunin verða einkum bundin við grunnskólastarfið enda hvað mikilvægast að rækta þar garðinn og skapa samstöðu sem dugir um langa framtíð. Hugmyndin er að verðlaunin verði veitt í fernu lagi:

- Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
- Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr.
- Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt alúð og hæfileika.
- Höfundum námsefnis sem lagt hafa grundvöll að nýjum kennsluháttum.

Leitað verður víðtæks samstarfs um að gera Íslensku menntaverðlaunin vel úr garði og tilnefninga óskað frá foreldrum, nemendum, kennurum og öllum sem meta mikils skólastarfið.

Það er von mín að Íslensku menntaverðlaunin verði eins og hin tvö þjóðarsómi, vísbending um að í vændum sé eining um úrvalsskóla fyrir börnin okkar, fyrirheit um nýtt og betra hugarfar, lóð á vogarskálar til þess að kennarastarfið verði metið að verðleikum.

Við getum í okkar góða landi átt glæsta framtíð ef við leggjumst öll á eitt, varðveitum samstöðuna sem löngum hefur dugað þjóðinni best, kappkostum að efla eiginleika sem reynst hafa forsenda árangurs og hagsældar Íslendinga.

Liðin öld var okkur gjöful og skóp fleiri tækifæri en nokkur önnur. Börn okkar og afkomendur mega ekki búa við síðri kost í framtíðinni.

Ég óska ykkur öllum fjær og nær farsældar um ókomna tíð og vona að gæfa og blessun fylgi ætíð Íslendingum.